

FUNDARGERÐ STÝRIHÓPS UM FORVARNIR

6.fundur Stýrihóps um forvarnir í Húnaþingi vestra haldinn fimmtudaginn 14.nóvember 2013, kl: 09.30 í fundarherbergi Ráðhússins.

Mættir undirritaðir:

Dagskrá:

1. Neteineltisdagurinn 31. október
2. Forvarnarstefnan
3. Kynning á forvarnarstefnunni
4. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Neteineltisdagurinn gekk mjög vel. Góð mæting hjá foreldrum. Allir nemendur frá 5-10 bekk fengu kynningu. Svo fengu kennarar sér kynningu um SAFT og netelti.
2. Forvarnarstefnan er fullunnin og með henni fylgir aðgerðaáætlun sem unnið verður eftir.
3. Forvarnarstefnan er stefnumótandi plagg og mun verða borin í hvert hús.
4. Ekki er búið að klára vinnu við verkefnið „Ungt fólk allsstaðar“ en forvarnarhópurinn mun óska eftir kynningu til sín þegar sú vinna er afstaðin. Framkvæmdastjóri USVH mun mæta á fund stýrihópsins þegar niðurstöður fyrir Ungt fólk 2013 er komin til þeirra. Stýrihópur um forvarnir mun hafa kynningarfund í ráðhúsinu um geðheilsu og geðsjúkdóma frá forvarna-og fræðslusjóðnum Þú getur. Einnig munu kynningar um geðsjúkdóma verða settar jafnóðum á heimasíðu sveitarfélagsins. Sjá nánar í næstu auglýsingu Sjónauskans.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 10.45

Eydís Aðalbjörnsdóttir(sign), Magnús Magnússon boðaði forföll, Kristján Þorbjörnsson(sign), Tanja Ennisgarð boðaði forföll.
S. Kristín Eggertsdóttir(sign), Sigurður Þór Ágústsson(sign).

Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttur sviðsstjóra fjölskyldusviðs.